



Alþingi  
Erindi nr. P 132/36  
komudagur 14.11.2005

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd  
b.t. Hlínar L. Sigfúsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. nóvember 2005

0510399SA PS/sp  
Tilv.: 388

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um úrvinnslugjald

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 26. október 2005, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, 179. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins um frumvarpið.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um úrvinnslugjald



## Umsögn

Málsnr.: 0510399SA

Dags.: 12. nóvember 2005

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 388/TFV

#### um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, 179. mál

Með bréfi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 26. október 2005, sem barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga 27. sama mánaðar, er óskað umsagnar sambandsins um frumvarp til laga um breyting á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002, með síðari breytingum, 179. mál 132. löggjafarþings.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem frumvarpið felur í sér á lögum um úrvinnslugjald.

Í samræmi við sjónarmið sem sambandið hefur ítrekað látið uppi áður leggur sambandið þó einnig til að lögum um úrvinnslugjald verði breytt þannig að annars vegar verði fleiri vöruflokkar felldir undir lögin og hins vegar að sambandið fái fleiri fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs. Sambandið leggur til að mynda áherslu á að undir lögin verði felldur dagblaðapappír, tímarita- og auglýsingapappír og skrifstofupappír (gæðapappír).

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

---

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri